

Vildarvinir Skaftfellingafélagsins

Kæru sýslungar.

Á síðasta ári fórum við þess á leit að þið gerðust vildarvinir Skaftfellingafélagsins og létuð krónur af hendi rakna til starfsemi þess. Undirtektir voru ótrúlega góðar og sú fjárhæð sem safnaðist hefur verið félaginu heilmikill styrkur. Fyrir þessa velvild er ykkur, sem sinntuð kallinu, innilega þakkað. Því er ekki að leynd að húsnæðið er félaginu þungur baggi en þó er okkur nauðsynlegt að eiga samastað því ekki líður sá mánuður frá hausti og fram á vor að ekki séu viðburðir og vinafundir í Skaftfellingabúð. Þetta þekkið þið sem fáið fréttabréfið sent og mætið.

Nú ætlum við að endurtaka leikinn og vonum að við séum ekki að ofbjóða ykkur. Þið sem eruð með heimabanka munuð sjá krónutöluna 2000 birtast þar og nafn Skaftfellingafélagsins við. Það er ekki skylda og þaðan af síður kvöð að greiða upphæðina en félaginu væri það mikils virði. Þeir sem ekki eru með heimabanka en mega sjá af 2000 krónum til félagsins geta lagt inn á reikning þess í Íslandsbanka númer 0526-14-102225, kt. 580269-7299. Með fyrirfram þakklæti og ósk um góðar stundir á komandi vetri.



Aðventustund

sunnudaginn 7. desember 2014, kl. 15

Aðventustundin verður með svipuðu sniði og undanfarin ár. Söngfélagið syngur jólalög, bornar verða fram glæsilegar kaffiveitingar, gengið í kringum jólatré með sveinum, sprelli og söng. Aðgangseyrir kr. 1500 fyrir fullorðna.

Stjórn Skaftfellingafélagsins 2014-2015

Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415	skuli.oddsson@uar.is
Anna Sigurðardóttir	564 2210	861 5817	anna@brunabot.is
Jón Geir Birgisson	567 5558	865 6604	jongeir@reykjafell.is
Njörður Lárusson		865 1520	njoddi@hotmail.com
Svavar M. Sigurjónsson	564 0670	698 9053	svavar@teknik.is

Varamenn Gunnþóra Gunnarsdóttir – Hákon Jón Kristmundsson – Rúnar Þór Guðbrandsson

Netfangasöfnun

Munið að senda inn netföng á skaft@skaft.is

Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Skúla Oddssonar s. 864 3415.

Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

Ritstjóri: Sigurlaug J. Sigurðardóttir

Endursendist með upplýsingum um nýtt postfang ef viðtakandi er fluttur

2. tbl. október 2014

- **Spilakvöld**
í samstarfi við Rangæinga í Skaftfellingabúð
fimmtudaga kl. 20
16. október 2014
30. október 2014
13. nóvember 2014

- **Hagyrðingakvöld og harmonikkuball**
í Skaftfellingabúð
föstudag kl. 20
21. nóvember 2014

- **Myndakvöld**
í Skaftfellingabúð
fimmtudag kl. 20
6. nóvember 2014

- **Aðventustund**
í Skaftfellingabúð
sunnudag kl. 15
7. desember 2014

- **Söngfélagið**
í Skaftfellingabúð
Söngæfingar
þriðjudagskvöld kl. 20

- **Skálm**
Miðvikudaga kl. 19:30
Laugardaga kl. 11:00

Skaftfellingafélagið í Reykjavík er á



Fýlaveisla

Hin árlega og ómissandi fýlaveisla verður í Skaftfellingabúð fyrsta vetrardag, **laugardaginn 25. október 2014** og hefst með borðhaldi kl. 20. Húsið verður opnað upp úr kl. 19.

Að venju verður borinn fram saltaður fýll úr Mýrdalnum, veiddur af Tryggva Ástþórssyni og verkaður undir vökulum augum Málfríðar Eggertsdóttur. Auk þess verður boðið upp á hangikjöt og meðlæti Inga Jóna Sigfúsdóttir matreiðir herlegheitin sem fyrr með aðstoð Rósu frá Eyjarhólum.

Sögumaður Baldur Óskarsson úr Vík

Hljómsveit
Hilmars Sverrissonar leikur fyrir dansi



Miðapantanir til og með 22. október
Hákon (821 2115) & Helgi (899 4818)
Aðgangur kr. 6.500

Myndakvöld – fimmtudaginn 6. nóvember, kl. 20



Næsta myndakvöld verður haldið í Skaftfellingabúð fimmtudaginn 6. nóvember kl. 20. Ekki hefur verið ákveðið með myndefni, en það verður tilkynnt þegar nær dregur á skaft.is og á facebook. Aðgangseyrir 1.000,- kr. og innifalið kaffi og kruðeri.

Söngfélag Skaftfellinga

Söngfélag Skaftfellinga er nú að hefja sitt 42. söngár. Æfingar vetrarins eru að jafnaði um 30 og verða öll þriðjudagskvöld kl. 20 í Skaftfellingabúð. Fyrsta æfing haustsins var 16. september sl. og þótt fjórar æfingar séu af staðnar er alls ekki of seint að slást í hópinn. Æskilegast er þó alltaf að vera með frá haustbyrjun.

Kórstjóri Söngfélagsins er Friðrik Vignir Stefánsson og formaður Sveinn Hjörtur Hjartarson, s. 824 2309. Nýir söngfélagar greiða ekki kórgjald fyrsta misserið.

Fréttabréf í tölvu til sem flestra

Fréttabréf Skaftfellingafélagsins mun koma út tvisvar í ár, eins og í fyrra. En þar sem pósthúðargjöld hækka stöðugt er freistandi að senda bréfið í tölvupósti til þeirra sem hafa netfang. Þar er smá sparnaðarleið fyrir félagið. Farið hefur verið í söfnun netfanga í þessu skyni og flestir sem á annað borð eru tölvutengdir taka því vel að lesa fréttirnar á skjánum í stað þess að fá þær inn um bréfálúguna. Upplagt er líka að prenta bréfið út heima eða í vinnunni, ef prentarar eru fyrir hendi á öðrum hvorum staðnum, til að hafa það sem aðgengilegast.

Viðtakendum fréttabréfsins sem ekki hafa þegar gefið félaginu upp netfang sitt, en vilja fá bréfið áfram, og geta hugsað sér það á tölvutæku formi, er vinsamlega bent á að senda póst á netfang félagsins, skaft@skaft.is. Gæta skal þess að upplýsingar um fullt nafn og heimilisfang fylgi með.

Þeir sem hvorki kæra sig um fréttabréfið í lúgu né tölvu er líka bent á að láta félagið vita um þann vilja sinn.

Spilakvöld

Eins og tíðkast hefur síðustu ár, stendur Rangæingafélagið fyrir spilakvöldum í Skaftfellingabúð í samvinnu við Skaftfellingafélagið. Framundan eru fjögur fimmtudagsspilakvöld undir stjórn Gunnars Guðmundssonar og Sigurjónu Björgvinsdóttur Rangæinga.

Verðlaun verða veitt fyrir hvert kvöld og svo heildarverðlaun í lokin, en það er helgardvöl í orlofshúsi Rangæingafélagsins.

Aðgangseyrir er kr. 1000, innifalið kaffi og meðlæti.

Spilakvöld verða sem hér segir: 2. október, 16. október, 30. október og 13. nóvember – kl. 20:00.

Hagyrðingakvöld

Hefð er að skapast fyrir hagyrðingamóti í félagsstarfi Skaftfellingafélagsins annað hvert ár, sem hefur þótt hin mesta skemmtun. Þá hafa verið leidd saman tveggja manna lið úr hvorri sýslu. Föstudaginn 21. nóvember, kl. 20 verður blásið til leiks að nýju þar sem koma saman systurnar frá Ljótastöðum, þær Fanney Ásgeirsdóttir og Heiða Guðný Ásgeirsdóttir fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Halldór Þorsteinsson frá Svínafelli í Örafum fyrir Austur-Skaftafellssýslu. Ekki er ólíklegt að fáist einn til, sem verður þá frekar auglýst á heimasíðunni skaft.is og á facebook þegar nær dregur. Að loknum kveðskap verður stígninn dans undir harmonikkuleik. Stjórnandi er Skúli Oddsson frá Mörtungu. Aðgangseyrir er kr. 2.000



Þátttakendur á síðasta hagyrðingamóti; Kristín Jónsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ásta Sverrisdóttir og Valdimar Tómasson.


Útgáfufrétt – Skaftfellingur

Um þessar mundir kemur út 22. árgangur héraðsritsins Skaftfellinga – um þætti úr sögu Austur-Skaftafellssýslu. Í þessu hefti eru greinaskrif um mjög svo fjölbreytt málefni. Fyrst ber að geta greinar um leiklistarstarfsemi í Nesjum eftir Hrein Eiríksson. Þá er fræðigrein um smádyr á jökulsskerjum Vatnajökuls eftir Maríu Ingimarsdóttur auk þess sem í heftinu birtist grein um veðurfræði í Hornafirði eftir Kristínu Hermannsdóttur.

Að venju eru minningarorð um látna í Hornafirði og fjöldi annarra forvitnilegra greina.

Eldri árganga af Skaftfellingi er hægt að kaupa á Bókasafni Hornafjarðar, eins er hægt að skrá sig í áskrift og fá sent í póstkrofu. Áhugasamir geta haft samband í síma 4708050 eða við netföngin

vala@hornafjordur.is eða gudny@hornafjordur.is



Skálm

Nú kom að því að sumarskálm féll niður í fyrsta sinn frá sumrinu 2002. Fyrirhugað var að ganga austur í Hornafirði, um Mýrar, Nes og Lón nokkra dagparta. Ekki reyndist næg þátttaka að þessu sinni, en sumargöngur þessar bíða betri tíma.

Galvaskir skálmárar æfa sig þó þindarlaust, oftast og iðulega í Elliðaárdal á miðvikudagskvöldum, þó konnuð séu önnur mið við og við, sérstaklega að sumrinu. Á laugardögum hefur þótt heppilegt að skondra 1-2 klst. Heiðmerkurhring. Þá er árvisst miðbæjarrölt fyrir jól með málsverði að rölti loknu. Fljótlega verður spekulerað hvar hugnast að skálma næsta sumar. Það væri gaman að sjá ný andlit í annars ágætum hópi sem má gjarnan verða fjölmennari.